

## Mb. v. aksturs- og hvíldartímaákvæða í heildarendurskoðun umferðarlaga 21.11. 2008

Undirrituð fulltrúi SVP í endurskoðunarnefnd umferðarlaga fékk það verkefni af síðasta fundi að koma með tillögu að megin efnisreglum um aksturs- og hvíldartíma inn í frumvarpið. Við ítarlega skoðun er undirritaðri það ómögulegt og skal það rakið hér hvers vegna.

Það er sannfæring fulltrúa flutningasviðs SVP og hefur verið frá fyrsta lestri reglugerðar ESB nr. 561/2006 að Ísland þurfi ekki að innleiða viðkomandi reglugerð fyrir innanlandsflutninga - það er sannfæring viðkomandi enn og eru færð rök fyrir því hér.

Vísað er til 7. gr. formála að reglugerðinni þar sem segir „Þessi reglugerð gildir um flutninga á vegum sem fara annaðhvort eingöngu fram innan Bandalagsins eða milli Bandalagsins, Sviss og landanna sem eiga aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.“ Hér eru lykilorðin „**eingöngu** fram innan Bandalagsins“ en Ísland er ekki aðili að Evrópusambandinu og því ekki hægt að halda því fram að Íslandi beri að taka upp þessa reglugerð á þeim grunni þá segir „eða **milli** Bandalagsins, Sviss og landanna sem eiga aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið“. Þau tvö orð sem eru feitlettuð „eingöngu“ annars vegar og „milli“ hins vegar gegna hér lykilhlutverki. „Eingöngu“ gefur til kynna að gildissvið reglugerðarinnar skuli eingöngu gilda í þeim tilvikum sem síðan er vitnað til og síðan eru tilvikin talin upp annars vegar „innan Bandalagsins“ og hins vegar „milli Bandalagsins, Sviss og landanna sem eiga aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið“ en hér er óhjákvæmilegt annað en líta svo á að átt sé við millilandaflytninga en ekki innanlandsflytninga innan landa Evrópska efnahagssvæðisins og því ekki hægt að segja að reglugerðin eigi að gilda innanlands á Íslandi. Þessi grein formálans verður að teljast nokkuð afdráttarlaus og því er undirritaðri ómögulegt annað en að benda formanni og öðrum fulltrúum nefndarinnar á það.

Samtök verslunar og þjónustu sendu samgönguráðherra bréf dags. 6. júlí 2007 þar sem skorað var á ráðherrann að beita sér fyrir því að skoða það ofan í kjölinn hvort það væri raunverulega mögulegt að innleiða ekki reglugerð ESB nr. 561/2006 um aksturs- og hvíldartíma á Íslandi. Þessi áskorun var ítrekuð í fréttabréfi flutningasviðs SVP sem gefið var út í sama mánuði. Ráðherra svaraði þessari áskorun ekki skriflega en það var eftir honum haft í fjölmiðlum að hann teldi ekki ráðlegt annað en aksturs- og hvíldartímareglur ættu að gilda hér á landi eins og löndum Evrópusambandsins.

Það skal ítrekað að undirrituð sem fulltrúi SVP tók þátt í samkomulagi SA og ASÍ um undanþágubeiðni til Eftirlitsstofnunar EFTA. Það var gert á þeim grundvelli að annað var ekki í boði. Samgönguráðherra varð ekki við þeirri upprunalegu áskorun samtakanna að láta kanna hvernig bæri að túlka 7. gr. formálans.

Þegar að því kemur að bera ábyrgð á efnislegum ákvæðum um aksturs- og hvíldartíma í heildarendurskoðun umferðarlaga er annað uppi á teningnum. Fulltrúi SVP lítur svo á að það sé augljóslega hlutverk samgönguráðherra að taka afstöðu til þess hvort að þessi reglugerð sé innleidd á Íslandi eða ekki. Sú afstaða er pólitísk ákvörðun sem hann einn getur tekið.

Ef niðurstaða samgönguráðherra er sú að reglugerð 561/2006 beri að innleiða þá er það afstaða fulltrúa SVP að hana eigi að innleiða með eins mildum hætti og mögulegt er og nýta beri alla undanþágumöguleika sem reglugerðin eins og hún kemur fyrir frá ESB býður upp á. Þá þarf vart að tíunda að mikilvægt er að undanþágubeiðni samgönguráðuneytisins til Eftirlitsstofnunar verði afgreidd og sú niðurstaða liggja fyrir.

Formaður nefndar um heildarendurskoðun umferðarlaga lét koma fram í tölvupósti til nefndarmanna 10. nóv. 2008 að eftir væri að klára útfærslu á breytingum á reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanna en að þar hyggist hann leggja til að megin efnisreglur um þessi efni verði færðar inn í lögina sjálf. Fulltrúi SVP styður eindregið þá hugmynd. Aksturs- og hvíldartímareglur ökumanna eru mjög íþyngjandi og mjög mikilvægt að efnislegar meginreglur séu tilgreindar í lögum en ekki á valdi ráðherra að breyta hverju sinni.

Signý Sigurðardóttir fulltrúi SVP í nefnd um heildarendurskoðun umferðarlaga